

SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins í borgarráði um systkinaafslátt vegna skólamáltíða

Á fundi borgarráðs, 25. maí 2022, var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins sem vísað var til meðferðar skóla- og frístundaráðs:

Borgarfulltrúa Flokks fólksins barst afrit af bréfi mennta- og barnamálaráðuneytisins vegna kæru foreldra vegna ákvörðunar Reykjavíkurborgar um að veita þeim ekki systkinaafslátt á gjöldum vegna skólamáltíða á þeim grundvelli að börn þeirra eiga ekki sama lögheimili. Í bréfinu eru skóla og frístundayfírvöld tekin í bakarið og þeim gert að senda inn afrit af öllum gögnum. Í framhaldi óskar Flokkur fólksins eftir hvernig borgaryfírvöld hyggjast bregðast við þessum úrskurði? Alvarlegir meinbugir komu fram í ferli þessa máls sem lýtur að stjórnsýslu. Svör bárust seint og illa. Í stað þess að svara strax og bjóðast til að endurskoða málið og greiða mismun varð vart við hroka og skilningsleysi af hálfu borgarinnar. Hyggst Reykjavíkurborg skoða þá meinbugi sérstaklega og ef svo er stendur til að gera betrubætur?

Svar:

Til samræmis við lög um grunnskóla nr. 91/2008 geta foreldrar kært stjórnvaldsákvæðanir er varða réttindi og skyldur nemenda á grundvelli laganna til mennta- og barnamálaráðuneytis.

Eftirfarandi er almenn umfjöllun um systkinaafslátt vegna fæðisgjalda:

Systkinaafsláttur reiknast sjálfkrafa milli barna sem eiga sama lögheimili/fjölskyldunúmer og gildir þvert á þjónustu leikskóla, grunnskóla, og frístundaheimila. Systkinaafsláttur er 100% af dvalargjaldi barna umfram eitt. Systkinaafsláttur af fæði er 100% hjá börnum umfram tvö en foreldrar greiða einungis máltíðagjöld fyrir tvö börn á sama fjölskyldunúmeri, þvert á skólastig, önnur njóta 100% afsláttar, sjá hér: <https://reykjavik.is/matur-i-grunnskolum>

Reglur Reykjavíkurborgar um systkinaafslátt gera ráð fyrir að öll börnin séu með sama lögheimili í þjóðskrá. Kerfi Reykjavíkurborgar (Völukerfin) sem halda utan um gjöld og afslætti eru útfærð með þeim hætti að systkinaafsláttur sé veittur í þeim tilvikum þar sem systkini hafa sama lögheimili. Ekki hefur verið unnt að nálgast aðrar upplýsingar með beintengingu kerfa borgarinnar við þjóðskrá.

Á grundvelli framangreinds hefur regluverk Reykjavíkurborgar vegna systkinaafsláttar gert ráð fyrir að réttur til systkinaafsláttar sé bundinn við það að systkinin séu með sama lögheimili.

Réttur sveitarfélaga til að ráða sjálf málefnum sínum er tryggður í 1. mgr. 1. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 78. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. Af því leiðir að ef



sveitarfélag ákveður að veita afslátt af gjöldum getur sveitarfélag ákveðið hvaða sjónarmið ráði því hvenær réttur til hans stofnast og að hvaða skilyrðum uppfylltum innan ramma laga. Hafa þer í huga að ákvörðun Reykjavíkurborgar, sem felst í því að veita afslátt af gjaldi, er umfram lagaskyldu. Engin lagaákvæði mæla fyrir um að sveitarfélagi sé skylt að veita slíkan afslátt og því engum lagaákvæðum til að dreifa sem mæla fyrir um töku og undirbúning slíkrar ákvörðunar.

Á fundi skóla- og frístundaráðs þann 6. febrúar 2023 og í borgarráði þann 9. febrúar 2023 var samþykkt svohljóðandi tillaga:

Lagt er til með vísan til minnisblaðs sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs, dags. 16. desember 2022, að sviðsstjóra verði falið að leggja til við skóla- og frístundaráð breytingar á reglum skóla- og frístundasviðs sem gilda um afslátt vegna systkina svo sem vegna dvalargjalda í leikskóla, frístundaheimilum, sértækum félagsmiðstöðum og fæðisgjalda. Í breytingunni felst að samræma reglur skóla- og frístundasvið er varða systkinaafslátt með tilliti til skiptrar búsetu barna. Í því felst að heimila systkinaafslátt vegna systkina með sitt hvor lögheimilistengslin vegna skiptrar búsetu þeirra. Er sviðsstjóra falið að meta kostnaðaráhrif breytinganna og skoða hvaða breytingar þurfi að gera á tölvukerfum svo breytingin sé framkvæmanleg.

Samkvæmt upplýsingum frá Advania í maí 2023, verða gerðar breytingar á Völu sem fela í sér að frá og með skólaárinu 2023-2024 getur Reykjavíkurborg gert breytingar á reglum vegna systkinaafsláttar af fæðisgjöldum þannig að framfylgt sé samþykkt skóla- og frístundaráðs frá 6. febrúar 2023 og borgarráðs þann 9. febrúar 2023.